



Ágætu sveitungar, enn á ný er komið að kosningum hér í sveit og þar sem ég hef brennandi áhuga á málefnum sveitarinnar hef ég ákveðið að gefa kost á mér áfram til setu í sveitarstjórn Kjósarhrepps á komandi kjörtímabili.

Ég er giftur Svanborgu Magnúsdóttur og eigum við 3 börn Hjalti Freyr, Ólöf Ósk og Andrea, tengdasonurinn Hafþór og dótturdóttirin Agnes Heiða.

Við hjónin rekum saman mjög svo blandaðan búrekstur að Miðdal, sem samanstendur mestmegnis af mjólkurframleiðslu, sauðfjarrækt og hrossabúskap. Einnig höfum við tekið á móti leikskóla- og grunnskólabörnum í maí til fjölmargra ára og sýnt þeim sveitina og leyft þeim að komast í snertingu við dýrin.

Núverandi kjörtímabil hefur verið mikið fræmkvæmdakímabil þar sem ráðist var í uppbyggingu hitaveitunnar og lokið frumlagningu hennar og samhliða lagður grunnur að ljósleiðaraneti fyrir íbúa og gesti. Sveitarstjórn hefur staðið samstíga að þessari uppbyggingu, Kjósarveitur ehf. voru settar í sér félag, dótturfélag Kjósarhrepps og Leiðarljós stofnað um ljósleiðarann sem þó hefur verið fjármagnað að öllu leyti úr sveitarsjóði og með styrk úr „Ísland ljóstengt“ Þrátt fyrir þessa uppbyggingu stendur sveitarsjóður mjög sterkur enda hefur sveitarstjórn gætt ýtrustu varkárni í fjármálastjórn hreppsins.

Ég vil nota tækifærið og óska okkur Kjósverjum til hamingju með hitaveituna sem komin er til allra sem óskað hafa eftir að tengjast utan þeirra húsa sem eru utan þess svæðis sem raunhæft gat talist að bjóða tengingu. Samhliða hitaveitunni voru lögð rör fyrir ljósleiðara sem því miður hefur ekki náðst að koma í notkun ennþá. Ég legg áherslu á að ná að ljúka við lagningu ljósleiðarans enda mun það leggja grunn að enn betri búsetuskylirðum hér í sveit.

Ágætu sveitungar, ég býð fram krafta mína til þjónustu fyrir ykkur íbúa Kjósarhrepps og heiti því að vinna áfram með hag ykkar og samfélagsins okkar að leiðarljósi, standa vörð um að við getum haldið sjálfstæði okkar áfram meðal annars með áframhaldandi góðu samstarfi við nágrennasveitarfélögin, áframhaldandi öruggri fjármálastjórn og ekki síst góðu samstarfi okkar sem byggjum þetta samfélag.

Stöndum vörð um að áfram sem hingað til verði gott að búa í Kjósinni og verum stolt af því.

Sýnum ábyrga afstöðu og mætum á kjörstað.

Guðmundur Davíðsson Miðdal